

Búsetustefna Áss styrktarfélags 2008 – 2015.

Stefna félagsins er að leita nýrra leiða í búsetuúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun. Félagið einsetur sér að vinna að þróunarstarfi og leita leiða til aukinna lífsgæða í samstarfi við íbúa og aðstandendur þeirra. Full þörf er á fjölbreyttum íbúðaúrræðum svo sem íbúðakjörnum, íbúðasambýlum og sjálfstæðri búsetu.

Stefna styrktarfélagsins er að virða rétt einstaklingsins til sjálfstæðis eins og kostur er. Í því felst meðal annars að:

- Hafa fjölbreytt búsetuúrræði í boði.
- Fólk geti valið sér búsetuform í samræmi við óskir sínar og þarfir.
- Fólk hafi val um með hverjum og hvar það býr.
- Veita einstaklingsmiðaða þjónustu og að sjálfsákvörðunarréttur verði virtur.
- Fólk fái að eldast með reisu heima hjá sér.
- Starfsmannaaðstaða sé ekki inni í einkarýmum íbúa og, þar sem því verður við komið, ekki hluti af íbúðahúsnæði.
- Fjöldi íbúa á herbergjasambýlum verði að hámarki 3 - 4.
- Í hverju íbúðasambýli verði að hámarki 4 - 6 íbúðir.
- Félagið haldi áfram, í samvinnu við íbúa og aðstandendur, að vinna að rekstri og nýjungum í búsetutilboðum.
- Félagið beiti sér fyrir styttingu biðlista í samræmi við stefnu þess í búsetumálum.

Í stefnunni felst að hvert það búsetuform sem fólk velur sér er alltaf heimili þess en ekki stofnun og skal njóta virðingar sem slíkt.

Út frá stefnu þessari skal skilgreina markmið og vinna framkvæmdaáætlun. Til þess að stefnan sé starfsmönnum ljós er nauðsynlegt að hún sé sett fram með skriflegum hætti og aðgengileg. Stefna þessi skal endurskoðuð árlega fram að ofangreindum endamörkum.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.